



Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ vegna tillögu um leikmannssamninga í 2. deild kvenna (Þingskjal 14).

Lagt er til að tilvitnuð grein 14.15 taki til 2. deildar kvenna á sama hátt og 2. deildar karla og deildanna þar fyrir ofan.

Samninga- og félagaskiptanefnd bendir á að sá munur er á 2. deild kvenna og karla að 2. deild kvenna er neðsta deild í meistaraflokki en 2. deild karla ekki. Hugsunin að baki núgildandi reglu er að hún taki eingöngu til efstu deildanna. Nefndin tekur ekki afstöðu til þess hvort ástæða sé til að víkka út regluna eins og lagt er til.

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ